FORMLEY SÍS MÁLVERK
ÚR SAFNI



KAREL APPEL

RÍS

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR
FEBRÚAR – MARS 1990

Eftir síðustu heimsstyrjöld varð abstraktlistin alls ráðandi í hinum vestræna listheimi. Talað var um geometríska abstraktion og formleysismálverk, sem greindist eftir menningarsvæðum í l'Art Informel og Tachisma í Frakklandi, abstrakt expressionisma í Bandaríkjunum og Cobra í Norður-Evrópu. Þeir listamenn sem aðhylltust formleysismálverkið höfnuðu í hlutveruleikanum sem myndefni og byggingarfræði geometríunnar. Þess í stað lögðu þeir áherslu á formlausa tjáningu sem nefnd hefur verið „tilvistarlegur verknaður". Þó svo að formleysismálverkið sé nú á tímum stíl- og fagurfræðilega skráður hluti af vestrænni listmenningu, lögðu frumkvöðlarnir sig fram við að storka ríkjandi listhugmyndum og skapa verk sem stæðu utan við hefðbundnar skilgreiningar á list. Þeir álitu að vestræn listmenning væri komin í blindgötu og að eina leiðin til nýsköpunar væri að komast undan sögunni. Þeir héldu því m.a. fram að þegar listamenn ynnu með fígúrur og form, þá tæki menningin ávallt fram fyrir hendurnar á þeim. Þess vegna varð það lykilatriði fyrir þessa listamenn að komast handan við menninguna að hinu upprunalega í hverjum manni. En leitin að formlausri tjáningu átti þrátt fyrir allt sínar forsendur og leiðarvísa. Myndverk svonefndra frumstæðra þjóða og list barna höfðu sín áhrif svo og fræðilegt inntak surrealismans og kenningar Freud um undirmeðvitundina. Í gegnum hugmyndir lá leiðin út úr menningunni að því myndmáli sem einkenndist af sjálfsprottinni skrift — sjálfri lífsorkunni. Megin inntak formleysismálverksins varð því hinn innri veruleiki listamannsins og rými og tími atthafnarinnar þegar verkið var málað. Listamennirnir gerðu því allt til að rækta ímyndunaraflið, sem þeir álitu í raun vera hið eina sanna afl sem gæti frelsað tilvist listamannsins frá stöðluðu kerfi vestrænnar listmenningar. En þrátt fyrir þennan sterka vilja til nýsköpunar er því ekki að neita að menningarsían er mismunandi gegnsæ. Greinilegt er að meðvitað sem ómeðvitað tengjast málverk Cobra-manna alda gömlu myndmáli norrænnar alþýðulistar og þeir frönsku og miðevrópsku áttu erfitt með að slíta sig með öllu frá lóðréttum og láréttum hugmyndum byggingarfræðinnar. Formleysismálverkið hefur nú verið tekið inn í vestræna listmenningu sem ein af ótal liststefnum sem fram hafa komið á þessari öld. Það lifir sjálfstæðu lífi innan sögunnar, samtímis sem það hefur breytt fagurfræðilegri sýn manna og bætt enn einni vídd inn í hugtakið list. Þau listaverk, sem hér birtast í vestursal Kjarvalsstaða og valin eru úr stórfenglegu listasafni Riis í Osló en varðveitt í Sonja Heine-Niels Onstad safninu í Osló, eru á engan hátt fullkomið yfirlit yfir formleysismálverkið, heldur fremur innsýn í það hvernig evrópskir myndlistarmenn unnu úr listhugmyndum og myndmáli formleysismálverksins.

Gunnar B. Kvaran



ROGER BISSIÉRE
Veislan í Neuilly, 1956
olía á striga,
97 x 130 cm



ASGER JORN
Nafnlaust, 1951
olía á spjald,
74,5 x 61 cm



CORNEILLE
Nálægt sólinni, 1962
olía á striga,
50 x 60 cm



FRANCISCO TOLEDO
Andlitsmynd, 1963
vatnslitir
65 x 81 cm



JAKOB WEIDEMANN
Dverglilja um vor, 1966
olía á striga
130 x 110 cm

PIERRE ALECHINSKY
KAREL APPEL
ROGER BISSIÉRE
CORNEILLE
OLIVIER DEBRÉ
LUCIO FONTANA
SAM FRANCIS
EGILL JACOBSEN
ASGER JORN
PER KIRKEBY
ANDRÉ LANDSKOY
JEAN MESSAGIER
SERGE POLIAKOFF
ANTONIO SAURA
MARIE HELENE VIEIRA DA SILVA
FRANCISCO TOLEDO
JAKOB WEIDEMANN

Menningarmálanefnd Reykjavíkur
Hulda Valtýsdóttir, formaður
Elín Pálmadóttir
Ingibjörg Rafnar
Kristín Ólafsdóttir
Rut Magnúsdóttir
Selma Guðmundsdóttir
Gunnsteinn Gíslason

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR
FLÓKAGÖTU • 105 REYKJAVÍK
OPIÐ DAGLEGA FRÁ KL. 11 TIL KL. 18